

Nd.

156. Frumvarp

til laga um mentaskóla Norður- og Austurlands á Akureyri.

Flutningsmaður: Þorsteinn Jónsson.

1. gr.

Við gagnfræðaskólann á Akureyri, sem eftirleiðis kallast mentaskóli Norður- og Austurlands, skal bætt lærdómsdeild. Hún hefir rjett til að útskrifa stúdenta til háskóla Íslands. Stjórnarráð Íslands semur, í samráði við skólameistara og kennara gagnfræðaskólans á Akureyri, reglugerð handa skól-
anum og gefur hana út.

Þangað til sú reglugerð verður samin starfar skólinn með líku sniði, og verða í honum kendar sömu námsgreinar, sem í lærdómsdeild hins almenna mentaskóla í Reykjavík.

2. gr.

Kennarar skólans eru fimm, og er einn þeirra skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með kennurum skólans, nemendum hans, húsum, áhöldum og eignum. Um laun kennara og skólameistara fer sem ákveðið er í launalögum.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 20, 9. júlí 1909, um gagnfræðaskólann á Akureyri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1923.

Greinargerð.

Krafan um stofnun mentaskóla á Norðurlandi er ekki ný, þótt ekki hafi fyr verið á Alþingi slutt frv. um slíkt. Í kringum 1850 var krafist endurreisnar Hólaskóla. Upphafsmaður Möðruvallaskóla, Arnljótur prestur Ólafsson, ætlaðist í fyrstu til, að sá skóli yrði bæði gagnfræðaskóli og stúdentaskóli. Ekki tókst þó að gera Möðruvallaskóla nema gagnfræðaskóla. Fjörutíu árum síðar en hreyft var stofnun Möðruvallaskóla var vakið máls á því í blaðinu »Norðurlandi«, að þörf væri á mentaskóla á Akureyri. Í sama streng tóku þeir og Stefán Stefánsson skólameistari, Guðmundur prófessor Hannesson, Þorkell kennari Þorkelsson og Matthias skáld Jochumsson. Það mun hafa vakað fyrir formælendum þessa nýmælis, að nám væri ódýrara á Akureyri heldur en í Reykjavík, enda má fortakslaust fullyrða, að námskostnaður yfir skólaárið sje 1000 krónum lægri á Akureyri en í Reykjavík. Telja má og dæmi þess, að árlega hafa margir efnilegustu nemendur gagnfræðaskólans á Akureyri sakir dýrtíðar í höfuðstaðnum orðið að hverfa frá mentaskólanámi. Kemur hjer fram hið mesta misrjetti. Deila má um, hvort heppilegt sje, að mjög margir verði stúdentar í landi, sem er jafnfáment og fábrevtt að atvinnuvegum og vort land er, en um hitt verður ekki deilt, að hæfileikar og áhugaefni eiga að ráða því, hverjir verði stúdentar og stunda fá visindanám, en ekki hitt, hvort þeir eiga efnada vandamenn að eða hvar menn eiga heima á landinu. Samkepní meðal skólanna ætti og að hafa góð áhrif á þá.

Helsta mótbáran gegn frv. þessu verður að líkindum aukinn kostnaður fyrir rikissjóð, en hann ætti ekki að verða jafnmikill og virðast mætti í fljótu bragði. Unglingaskólar ættu að miklu leyti að geta veitt fræðslu gagnfræðadeildar og takmarka tölu nemenda í hinum fyrirhugaða mentaskóla, svo að engum bekk þurfi að skifta. Af því leiðir, að ekki þarf að bæta við nema einni kenslustofu við skólahúsið á Akureyri, og kostar sú viðbót örlítið. Auka verður kenslukrafta skólans, er allir bekkir lærdómsdeildar eru teknir til starfa.

En aukning kenslukraftanna nyrðra ætti ekki að kosta miklu meira en spara má kennara syðra, er norðanmenn hætta að sækja nám í mentaskólanum.

Frumvarp þetta, ásamt framanskráðri greinargerð, er samið af skóla-
meistara gagnfræðaskólans á Akureyri og flutt samkvæmt áskorun frá honum
og þingmálafundum nyrðra.